

Dánarfregn.

46.

Hinn 10. apríl (föstud. langa) andaðist Jón Vigfússon (John W. Johnson) í Bellingham, Washington, í Bandaríkjunum, 68 ára að aldri. Banamein hans var hjartaslag. —

Jón var ættaður úr Rangárvallasýslu og fluttist vestur um haf laust fyrir aldamótin síðustu. Eftirlifandi kona hans er Kristín, dóttir hins alkunna völundarsmiðs, Magnúsar Þórðarsonar í Garðbæ á Eyrarbakka; systir hennar er Stefanía Magnúsdóttir, ekkja Guðm. Þorkelssonar, hreppstjóra, frá Óseyrarnesi, og býr hún hér í borginni, háöldruð merkiskona. Kristín, (venjulega kölluð „Stína í Garðbæ“) var með réttu talin meðal hinna prýðilegustu kvenna austur þar, fyrir mannkosta sakir og megingæða við börn og bágstadda; var þeirra hjóna því saknað mjög, er þau fluttu í brott þaðan. — Þeim varð eigi barna auðið.

Systir Jóns Vigfússonar er Guðný Vigfúsdóttir, kona Guðna óðalsbónda að Skarði í Landmannahreppi.

Jón Vigfússon var um nokkurra ára skeið verslunarmaður á Háeyri á Eyrarbakka, lipurmenni hið mesta, glaður í lund og góðviljaður mjög. Sera V. J. Eylands, prestur ensku lúth. kirkjunnar í Bellingham, jarðsöng hann 14. apríl, að viðstöddum fjölda vina þeirra hjóna þar vestra.

Jón Pálsson.